

**SAMÞYKKT**  
**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar nr. 991/2020 með síðari breytingum.**

1. gr.

8. mgr. 44. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:  
Sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs gegnir störfum bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn ákveði annað.

2. gr.

45. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:  
Bæjarstjórn ræður starfsfólk í æðstu stjórnunarstöður hjá bæjarfélaginu, þ.e. sviðsstjóra fagsviða og veitir þeim lausn frá störfum, nema á annan veg sé mælt í lögum og reglugerðum.

3. gr.

46. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:  
Um ráðningu annars starfsfólks annast sviðsstjórar fagsviða og forstöðufólk stofnana eftir atvikum nema á annan veg sé mælt í lögum og reglugerðum eða eftir reglum sem bæjarstjórn setur.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðaukum við samþykktina:

1. Fyrirsögn viðauka III breytist og verður svohljóðandi: Embættisafgreiðslur sviðsstjóra stjórnslu og fjármálasviðs.
2. Í stað orðanna „framkvæmdastjóri stjórnslu og fjármálasviðs“ í viðauka III við samþykktina kemur, í viðeigandi beygingarfalli: sviðsstjóri stjórnslu og fjármálasviðs.
3. Í stað orðanna „framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs“ í viðauka V við samþykktina kemur, í viðeigandi beygingarfalli: sviðsstjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs.
4. Í stað orðsins „framkvæmdastjóri“ í viðauka V við samþykktina kemur, í viðeigandi beygingarfalli: sviðsstjóri.

5. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 16. febrúar 2026.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

*Ólöf Sunna Jónsdóttir.*